

# margt smátt ...

2. tbl. 2017



Hjálparstarf kirkjunnar  
actalliance

# Valdefling er það sem virkar!

Hlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar er að veita fólki í erfiðum aðstæðum neyðaraðstoð til skamms tíma. Um efnislega aðstoð er að ræða sem er fyrst og fremst veitt með inneignarkortum í matvöruverslunum og við lyfjakaup. Við viljum tryggja velferð barna og hlúum því sérstaklega að barnafjölskyldum. Til þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun veitum við efnislega aðstoð vegna skólágöngu barna og ungmenna sem og vegna íþrótt- og tómstundastarfs þeirra.

Þegar félagsráðgjafar Hjálparstarfsins taka á móti fólki í viðtal skrá þeir niður félagslega stöðu þess en gæta að sjálfsgöngu fulls trúnaðar. Við greiningu gagna sem þannig verða til kemur í ljós að sá hópur fólks sem leitar mest og í lengstan tíma til Hjálparstarfsins er oft fastur í vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar.

Reynslan hefur kennt ráðgjöfunum að neyðaraðstoðin sé nauðsynleg en að um leið dugi hún skammt ein og sér. Þeir segja að til þess að fólk geti rofið vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar sé valdefling það sem virki, hún sé raunveruleg hjálp til sjálfshjálpar.

Allt starf okkar tekur mið af þessari sýn um að þegar fólk finni hvers það er megnugt líði því betur andlega og félagslega og geti tekið frekari þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Félagsráðgjafarnir okkar hafa í síauknum mæli lagt áherslu á verkefni sem eru undirbúin í samráði við fólknið sem tekur þátt í þeim. Með því að sniða verkefnið að þörfum og óskum þátttakendanna er mun líklegra að þau leiði til raunverulegs árangurs og breytinga í lífi fólks.

## Landssöfnun vegna náttúruhamfaranna á Grænlandi: Vinátta í verki

Margir eiga um sárt að binda á Grænlandi eftir að flóðbylgja olli gríðarlegu tjóni í þorpinu Nuugaatsiaq aðfararnótt sunnudagsins 18. júní sl. og mikilsvert að þeir finni að Íslendingar eru þeim vinir í raun. Hjálparstarf kirkjunnar hefur opnað **söfnunarreikninginn 0334-26-056200, kennitala 450670-0499**. Þá er hægt að hringja í 907-2003 og leggja þannig til 2.500 krónur. Söfnunarfé rennur óskert til neyðarhjálpar og uppbyggingar í samvinnu við sveitarfélagið og hjálparsamtök á svæðinu.

Í þessu tölublaði segjum við frá valdeflingarverkefnum Hjálparstarfsins innanlands og utan. Það er nefnilega þannig að hvort sem við störfum í grasrótinni hér heima eða í samvinnuverkefnum í útlöndum er nálgunin sú sama; neyðaraðstoð til skemmri tíma og valdefling til sjálfbærrar tilveru þeirrar sem unnið er með.

Kærar þakkir fyrir að taka þátt í starfinu með okkur kærur velunnarar Hjálparstarfsins. Framlag ykkar gerir það mögulegt!

Kristín Ólafsdóttir,  
fræðslufulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar



**GEFÐU  
GEIT**

**GEFÐU GJÖF SEM GEFUR**

Með gjafabréfi á [gjofsemgefur.is](http://gjofsemgefur.is) geturðu styrkt bágstadda fjölskyldu um til dæmis geit, hænu, brunn, matjurtagarð, menntun eða aðrar nauðsynjar. Gefðu skemmtilegar gjafir til verkefna heima og erlendis.

[www.gjofsemgefur.is](http://www.gjofsemgefur.is)  Hjálparstarf kirkjunnar

## margt smátt ... gerir eitt stórt

2. tbl. 29. árg. júní 2017.

Fréttablaðið margt smátt... sem kemur út 2- 4 sinnum á ári er sent endurgjaldslaust til styrktarmanna, presta, sóknarnefnda, skóla, fjölmiðla, bókasafna og annarra velunnara blaðsins.

Láttu okkur vita  
viljir þú fría áskrift.

Útgefandi: Hjálparstarf kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík.

Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason.

Skrifstofan er opin virka daga kl. 8:00–16:00.

Síminn er 528 4400 og bréfsími 528 4401.

Ritstjóri: Kristín Ólafsdóttir; ábm., [kristin@help.is](mailto:kristin@help.is)

Forsíðumynd: Sædis Arnardóttir er félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar. Hún stýrði sumarbúðum fyrir hátt í sextíu þátttakendur við Úlljótuvatn nú í sumar. Að klifra upp klifurturninn þar hefur reynst mörgum ágætis áskorun og sýnt að valdefling er það sem virkar.

Myndir: Hjálparstarf kirkjunnar.

Prentvinnsla: Litróf-umhverfissvottuð prentsmíðja. 

Framlögum til verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar má koma til skila í bönkum og sparisjóðum, til skrifstofunnar, í gegnum [www.help.is](http://www.help.is) og [www.framlag.is](http://www.framlag.is).

Gjafabréf: [www.gjofsemgefur.is](http://www.gjofsemgefur.is).

Reikningar sem leggja má inn á:

0334-26-050886 fyrir verkefni erlendis, kt. 450670-0499.

0334-26-27 fyrir verkefni innanlands, kt. 450670-0499.





Gleði og áhyggjuleysi ríktu í sumarbúðum við Úlfjólsvatn nú í júní. Fjórtán barnafjölskyldur tóku þátt í sumarbúðunum og lögðu eldri jafnt sem yngri metnað í að ná settu marki en til þess þurfti bæði samvinnu og útsjónarsemi.

# Þegar fólk finnur styrk sinn getur það notað hann til að takast á við erfiðar aðstæður

Erfiðar aðstæður svo sem vegna veikinda, slysa eða atvinnumissis gera ekki alltaf boð á undan sér og það getur verið erfið að vinna sig út úr þeim. Við vitum að það getur verið skammt milli þess að geta vel séð fyrir sér og standa svo allt í einu í þeim sporum að geta það ekki.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar hlusta og eru til staðar fyrir fólk sem hefur tekið undir lágtekjumörkum eða býr við verulegan skort á efnislegum gæðum en samkvæmt skýrslu Hagstofu Íslands frá 2016 búa um 4300 manneskjur við þær aðstæður nú. Hjálparstarfið veitir efnislega aðstoð en markmið okkar er fyrst og fremst að rjúfa víthring fátæktar og félagslegrar einangrunar. Til þess bjóða félagsráðgjafarnir okkar upp á

ráðgjöf og fræðslu. Þeir benda jafnframt á úrræði sem gera fólki kleift að virkja krafta sína til frekari þátttöku í samfélaginu.

Með það að markmiði að aðstoða fólk þannig að það geti náð raunverulegum árangri skipuleggur Hjálparstarfið nú í síauknum mæli sjálfstyrkingarverkefni í samvinnu við fólkid sem tekur þátt í þeim. Í erfiðum aðstæðum getur það gerst að sjálfstraustið minnki en þegar fólk finnur styrk sinn á ný getur það notað hann til að taka ákvarðanir um leiðir út úr erfiðum aðstæðum. Bætt sjálfsmýnd stuðlar að meiri virkni sem svo aftur styrkir sjálfsmýndina enn frekar.

## margt smátt ... þakkar stuðninginn

### REYKJAVÍK

Aðalblíkk ehf  
Aðalvík ehf  
Afreksvörur  
Analytica ehf  
Apotek restaurant  
ARGOS ehf - Arkitektastofa Grétars og Stefáns  
Arkitektastofan OG ehf  
Arkís arkitektar ehf  
ASK Arkitektar ehf  
Auglýsingastofan ENNEMM  
Á.K. Sjúkraþjálfun ehf  
Áltak ehf  
Árbæjarapótek ehf  
Ásbjörn Ólafsson ehf  
B. Ingvarsson ehf

Barnalæknaþjónustan ehf  
Batic ehf, silkiprent og ísaumur  
Berserkir ehf  
Betra líf ehf  
Birtingur ehf  
Bílasalan Heimsbilar ehf  
Bjarnar ehf  
Bláðamannafélag Íslands  
Blikksmiðjan Glófaxi hf  
Blómabúðin Hliðablóm  
Bókaútgáfan Hólar ehf  
Bókhaldsstofa Haraldar slf  
Bókhaldsþjónustan Vík  
Bólstrarinn ehf  
Bónstöðin hjá Jobba ehf  
Brauhúsið ehf  
Brim hf

Brúskur hársnyrtistofa,  
s: 587 7900  
Cafe Roma  
CATO Lögmenn ehf  
Curvy.is - tiskuverslun  
Danica sjávarafurðir ehf  
Dokkan, þekkingar- og tengslanet-www.dokkan.is  
Dynamo Reykjavík ehf  
Dýralæknastofa Reykjavíkur ehf  
E.T. hf  
Efnalaugin Björg  
Eignamiðlunin ehf  
Eignaumsjón hf  
Einar og Viðar sf, s: 892 7024  
Endurskoðun og reikningshald ehf  
Endurskoðun og reikningsskil hf

Endurskoðun Péturs Jóns ehf  
Ernst & Young ehf  
Fasteignakaup ehf  
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga  
Félag tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna  
Fiskbúðin Sæbjörg ehf  
Formverk  
Fossberg ehf  
Garcia ehf  
Gardasteinn ehf  
Gards Apótek ehf  
GB Tjónaviðgerðir ehf  
Gilbert úrsmiður-www.jswatch.com  
Gjögur hf  
Grafan ehf  
Guðmundur Arason ehf, smiðjám

Gullkistan skrautgripaverslun-www.thjodbuningasilfur.is  
Gullsmiðurinn í Mjódd  
Hagi ehf-Hilti  
Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum öll jöfn  
Handprjónasamband Íslands slf  
Hármiðstöðin  
Háskólinn í Reykjavík  
Heildverslunin Rún ehf  
Herrafataverslun Birgis ehf  
HGK ehf  
Hitastýring hf  
Hjá Hrafnhildi  
Hjúkrunarheimilið Skjól  
Hljóðbók.is - hljóðvinnslan  
Hótel Frón ehf



Veðurbliðan lék við okkur í sumarþúðunum við Úlfjótuvatn. Þessar stelpur urðu strax miklar vinkonur og voru aldeilis kátar eftir margar bátsferðir á vatninu.

# „Alls konar skemmtilegt“ í vel heppnuðum sumarþúðum við Úlfjótuvatn

Fjórða sumarið í röð buðu Hjálparstarf kirkjunnar og Hjálparæðisherinn fjórtán fjölskyldum, alls 60 manns, sem búa við kröpp kjör í sumarþúðir skáta við Úlfjótuvatn frá 6.- 9. júní síðastliðinn. Tvær af fjölskyldunum sem komu á Úlfjótuvatn eru nýfluttar til Íslands og það var ánægjulegt að sjá vináttu verða til en mikil gleði og jákvæðni var ríkjandi meðal þátttakenda í sumarþúðunum.

Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá alla dagana með það

að markmiði að fjölskyldurnar gætu átt gleðilegt frí saman. Foreldrarnir voru börnum sínum sannarlega góð fyrirmynd þegar þau reyndu sig við klifur, róður, reipitog, bogfimi og margt fleira.

Ein mamma í hópnum sagði að dvölin við Úlfjótuvatn væri fyrsta raunverulega fríð hennar. „Þetta er í fyrsta skiptið í langan tíma sem einhver annar ber mat á borð fyrir mig,“ sagði hún og bætti við að venjulega héldi hún áfram að elda mat og ganga frá þótt fjölskyldan væri í frí.

4

## margt smátt ... þakkar stuðninginn

Hótel Leifur Eiríksson ehf  
Hótel Örkin, sjómannaheimili  
Hreyfimyndasmíðjan ehf  
Húsaklæðning ehf-www.husco.is  
Hvíta húsið hf, auglýsingastofa  
Höfðahöllin bílasala  
Höfðakaffi ehf  
Höfði fasteignasala  
Innlifun ehf  
Intellecta ehf  
Íbúðagisting.is  
Ísbúð Vesturbæjar ehf  
Ísbúðin Erluis  
Íslandsstofa  
Íslenska Gámafélagið ehf  
Ísold ehf  
Íþróttasamband fatlaðra  
K. Pétursson ehf

K.F.O. ehf  
Kemi ehf-www.kemi.is  
Kjöthöllin ehf  
Klettur - sala og þjónusta ehf  
KOM almannatengsl  
Kopar Restaurant ehf  
Krydd og Kaviar ehf  
Kurt og Pí ehf  
Landmark fasteignasala ehf  
Landssamband lögreglumanna  
Litróf ehf  
Lyfis ehf  
Lögfærðipjónusta Sigurðar  
Sigurjónssonar hfl  
Löndun ehf  
Margt smátt ehf  
Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Mila ehf

N 32 ehf  
Nýi ökuskólinn ehf  
Nýtt Skil slf  
Oddgeir Gylfason, tannlæknir og læknir  
Orka ehf  
Ormsson  
Ó. Johnson & Kaaber ehf  
Ólafur Þorsteinsson ehf  
Ósal ehf  
Parket og gólf  
Pixel ehf  
Plast - miðar og tæki ehf  
Rafsvið sf  
RAMIS ehf  
Rannsókn- og háskólanet  
Íslands hf  
Rarik ohf  
Rádgjafar ehf

Regla - netbókhaldskerfi  
Reki ehf  
Reykjavík Residence Hotel  
Reykjavík Hair  
Reykjavíkurborg  
Réttingaverk ehf  
Réttingaverkstæði Bjarna og Gunnars  
ehf  
Réttur - ráðgjöf & málfutningur  
Rima Apótek  
S.B.S. innréttingar  
Salatbarinn Buffet Restaurant  
Samskipti ehf  
Samtök starfsmanna  
fjármálafyrirtækja-SSF  
Scanmar á Íslandi ehf  
Segull ehf  
Sendibílar Reykjavíkur ehf  
Sjávargrillið ehf

Sjómannasamband Íslands  
Skorri ehf  
Snyrtistofan Gyðjan ehf  
Sólbaðsstofan Smart ehf  
Stál og stansar ehf  
Söngskólinn í Reykjavík  
Tandur hf  
Tannlæknastofa Elínar Wang  
Tannlæknastofa Geirs A Zoega  
Tannlæknastofa  
Sigurjóns Arnlaugssonar ehf  
Tapas Barinn  
Tark - Arkitektar  
The Cocoo's Nest  
THG Arkitektar ehf  
Tónastöðin ehf  
Tónmenntaskóli Reykjavíkur  
Trésmíðja GKS ehf





Bátsferð um vatnið á hraðskreiða öryggisbátnum með Elínu Ester Magnúsdóttur skáta sem stýrði dagskránni naut mikilla vinsælda.



Að baka brauð frá grunni þótti spennandi en það krafðist þolinmæði. Fyrst var að höggva niður sprekk og búa til bálköst og svo að bíða þolinmóð eftir að deigið bakaðist á teininum yfir opnum eldi.



Æfingin skapar meistarann. Bogfimin var vinsæl meðal mæðranna í hópnum sem hittu í mark með einbeitinguna að vopni.



Klifurturnin við Úlfjótstvatn er frábær áskorun fyrir börn jafnt sem fullorðna enda nýtur hann mikilla vinsælda.

Önnur mamma sagði dvölinna hafa allt sem einkenndi gott frí; skemmtun, félagsskap og góðan mat. Hún var ánægð með hversu þétt dagskráin var en fólk var að sjálfsgöngu frjálst að taka þátt í henni að vild. „Ég slappaði vel af þótt ég væri alltaf að,“ sagði hún.

Krakkarnir voru ekki síður ánægðir með dvölinna. Aðspurð sagði ein stelpa „alls konar skemmtilegt“ um það sem hún hefði verið að gera í sumarfríinu en bátsferð um vatnið á hraðskreiða

öryggisbátnum með Elínu Ester Magnúsdóttur skáta sem stýrði dagskránni naut samt mestra vinsælda. Prettán unglingum sem voru í hópnum bauðst að fara í Adrenalíngarðinn þar sem þau stígu mörg hver verulega út fyrir þægindaramman og skemmtu sér konunglega.

Velferðarráðuneytið, Velferðarsjóður barna og Reykjavíkurborg styrktu verkefnið og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.



# Páskafjör unglunga við Úlfljótsvatn

Það voru þreyttir en hamingjusamir krakkar sem komu aftur heim til sín þann 12. apríl síðastliðinn eftir vel heppnað páskafjör á Úlfljótsvatni fyrir grunnskólabörn sem búa við kröpp kjör. Við lögðum af stað mánudaginn 10. apríl með 12 krakka á aldrinum 10 - 13 ára og brölluðum ýmislegt skemmtilegt saman en skátarnir héldu uppi frábærri dagskrá fyrir okkur. Við fórum með þeim í fjallgöngu, lærðum klifur og sig, bogfimi og svo héldum við óhefðbundna íþróttaleika þar sem meðal annars var keppt í stígvelakasti og öfugri vítaspyrnu. Á leiðinni heim stoppuðum við svo í Hveragerði þar sem við fórum í sund. Krakkarnir voru frábærir og stóðu sig einstaklega vel í öllu því sem sett var fyrir þá.



Mamma stráks sem var með okkur í annað skiptið á Unglingafjöri við Úlfljótsvatn sendi okkur skilaboð eftir ferðina: „Sæl. Ég vil bara þakka kærlega fyrir strákinn. Hann er svo lífsglaður alltaf þegar hann kemur úr þessu ferðarlagi hjá ykkur ;) Kærar þakkar enn og aftur fyrir hann!“

## Notaleg samvera á Breiðholtsbrúnni

Það var grillað og um margt skrafað á vorfagnaði á Breiðholtsbrúnni þann 12. júní síðastliðinn en þangað mættu þá 35 manns til að eiga saman gæðastund. Breiðholtsbrúin er samstarfsverkefni Fjölskyldumiðstöðvar Breiðholts, Hjálparstarfs kirkjunnar og kirkjusókna í hverfinu.

Brúin hefur verið opin í sjö skipti frá því í febrúar sem vettvangur fyrir Breiðholtsbúa og vini þeirra til að hittast, skiptast á að elda mat, borða hann saman og eigi góða samverustund. Markmið er að byggja brú milli íbúa hverfisins hvaðan svo sem þeir eiga ættir að rekja og óháð litarhætti, kyni, trú og lífsskoðunum.

Pepp, tengslanet fólks sem býr við fátækt á Íslandi, og sjálfboðaliðar í hverfinu hafa tekið virkan þátt í að skipuleggja dagskrána en áætlað er að opna Breiðholtsbrúna á ný þegar hausta tekur og þá í Breiðholtskirkju í Neðra Breiðholti.



Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi Hjálparstarfsins og Björk Vilhelmsdóttir Breiðholtsbúi í góðum hópi á brúnni.



Grillað í bliðskaparveðri þann 12. júní síðastliðinn en þá mættu 35 manns á Breiðholtsbrúna.

6

### margt smátt ... þakkar stuðninginn

Trésmiðja  
Magnúsar F. Jónssonar ehf  
Tölvar ehf  
Tölvu- og verkfræðipjónustan  
Umslag ehf  
Urðarapótek ehf  
Útfarastofa Svafars og Hermanns ehf  
VA arkitektar ehf  
Vagnsmiðjan ehf  
Varmi ehf  
VDO ehf  
Verkfræðistofan Viðsjá ehf  
Verksýn ehf-www.verksyn.is  
Verslunartækni ehf  
Verslunin Álfheimar ehf  
Verslunin Brynja ehf  
Verslunin Rangá  
Vélar og verkfæri ehf  
Vélvirk ehf

Við og Við sf  
Vilhjálmsson sf, heildverslun  
Vinnulástofnun  
VM - Félag vélstjóra og  
málmtæknimanna  
Þorsteinn Bergmann ehf  
Þór hf  
Þvottahúsið A. Smith ehf  
Örninn ehf  
**KÓPAVOGUR**  
ALARK arkitektar ehf  
Alhliða pípuálagir sf  
Arnardalur sf  
Atlantic Tank Storage ehf  
Bílaklæðningar hf  
Bílamálinun Varmi ehf  
Bílaverkstæði  
Kjartans og Þorgeirs sf  
Blikkform ehf

Bliksmiðjan Vik ehf  
Byggingaþjónustan  
bókhald og ráðgjöf  
Exton ehf  
Fasteignamiðstöðin ehf  
Frikirkjan Kefas  
G.T.Óskarsson ehf  
GG Sport  
goddí.is  
Grillbúðin ehf  
GSG ehf  
Guðjón Gíslason, dúklagningameistari  
Hagblíkk ehf  
Hárgreiðslu og rakarastofan Hera  
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktaki  
Hjörtur Eiríksson sf  
Iðnvélar ehf  
Íslenskt marfang ehf  
Íslenskt sjávarfang ehf

JS-hús ehf  
KK veitingar Kinahöfið  
Kraftvélar ehf  
Lindakirkja  
Loft og raftæki ehf  
Merkúr húsgagnabólstrun sf  
MHG verslun ehf  
Nobex ehf  
Pottagaldrar ehf  
Rafmiðlun hf  
Rafspenna ehf  
Rafvirkni ehf  
Réttingaverkstæði Jóa ehf  
Slökkvitækjaþjónustan ehf  
Sports Direct  
Stáliðjan  
Tengi ehf  
Úrval-Útsýn hf - Sumarferðir  
Vatn ehf

Vatnsvirkinn-www.vatnsvirkinn.is  
Vetrarsól ehf, verslun  
Visitor, ferðabókunarþjónusta  
Zenus sófar  
www.goddí.is  
**GARÐABÆR**  
Aflbinding-Járnverktakar ehf  
Apótek Garðabæjar  
AP-Prif ehf  
Bílasprautun Íslands ehf  
Efnalaug Garðabæjar  
Fjallatindar ehf  
G.S. Ráðgjöf ehf  
Garðabær  
Hagræð ehf  
Íslandsfundir ehf  
Járnsmiðja Óðins  
Kópavogspósturinn ehf  
Mekka-bifreiðaverkstæði





Hvað er í kassanum? Í vor fóru konurnar sem taka þátt í verkefninu í heimsókn til Friðheima í Bláskógabyggð og fengu innsýn í ylræktun sem þar fer fram. Í kassanum eru iðnar býflugur frá Hollandi en 600 slíkar eru að störfum í Friðheimum daglega.

## „Ég er farin að fá kvartanir því nú set ég mörk“

Átta konur taka þátt í verkefninu Virkni og vellíðan – Taktu ábyrgð á eigin lífi sem hófst í september 2016. Verkefninu, sem er til tveggja ára, er ætlað að undirbúa einstæðar mæður sem búa við örorku og eru með ungling á heimilinu undir þau tímamót þegar barnið verður 18 ára og þar með fjárráða. Við það minnka heimilistekjur verulega þar sem meðlag, barnalífeyrir, barnabætur og húsaleigubætur vegna barns falla þá niður. Þegar börnin verða sjálfráða verður einnig ákveðin breyting á mæðrahlutverkinu.

Sjálfstyrkingar- og fjármálanámskeið voru á dagskrá á haustönn 2016 en ítarlegri sjálfskoðun og markmiðasetning ásamt sjálfböðnu starfi voru meðal dagskrárliða á vorönn 2017. Konurnar eru sammála um að jákvæða sálfræðin sem var á dagskrá á vorönn komi til með að nýtast þeim einna best en að

erfitt væri að gera upp á milli dagskrárliða. Þær eru ánægðar með að hafa aðgang að ráðgjöf í sáttamiðlun sem og í fjármálum.

Ein kvennanna sagði að verkefnið nýttist henni mjög vel því nú væri hún farin að setja sjálfri sér og öðrum mörk í samskiptum. „Ég er farin að fá kvartanir því nú set ég mörk,“ sagði hún spök í lok vorannar. Önnur sagði að bara það að koma einu sinni í viku til að gera eitthvað bara fyrir sjálfa sig væri mjög gefandi. „Það eru forréttindi að hafa verið valin í þennan hóp,“ sagði hún og bætti við að þátttakendurnir hefðu bundist sterkum vináttuböndum. „Við ætlum til dæmis að hittast í sumar á meðan verkefnið liggur niðri og rækta saman grænmeti.“

Virk, starfsendurhæfingarsjóður og velferðarráðuneytið styrkja verkefnið og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.



[www.icewear.is](http://www.icewear.is)



# Afríka: Þrisvar sinnum fleiri með farsíma en aðgang að salerni

Í þróunarsamvinnu í Afríku leggur Hjálparstarf kirkjunnar áherslu á að tryggja fólki aðgangi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu. Í Úganda fá börn sem lifa skort vegna heilsuleysis alnæmissjúkra foreldra aðstoð við að fá grunnþörfum sínum uppfyllt. Reist eru fyrir þau einföld múrsteinshús ásamt eldaskála, vatnstanki og kamri. Fjölskyldan fær moskítonet, eldhúshöld og húsdýr ásamt fræðslu um mikilvægi hreinlætis og aðstoð við að finna leiðir til framfærslu.

Þótt hreint neysluvatn og viðunandi salernisaðstaða séu lykillinn að góðri heilsu og efnahagslegri velferð eru þessir þættir ekki í forgangi stjórnvalda í Afríku til þess að mæta brýnum þörfum milljóna manna.

Þetta segir Mike Muller sérfræðingur í vatnsmálum í viðtali við IPS fréttaveituna þar sem hann segir Afríkuþjóðirnar hafa vilja til þess að reisa innlendar vatnsveitur en hafi á hinn bóginn ekki efnahagslega burði til þess að byggja upp nauðsynlega innviði og koma vatni og salernisaðstöðu til allra íbúa. Þjóðirnar sunnan Sahara í Afríku nota minna en 5% af vatnsauðlindum sínum en uppbygging vatnsbóla og salernisaðstöðu er kostnaðarsöm fyrir flestar þjóðirnar. Í grein IPS segir að World Water Council, alþjóðasamtök um vatn, telji að verja þurfi árlega 650 milljörðum bandarískra dala fram til ársins 2030 til þess að byggja upp nauðsynlega innviði til að tryggja öllum jarðarbúum ómengað neysluvatn.

Könnun Afrobarometer frá því í fyrra sýndi að þrisvar sinnum fleiri Afríkubúar hafa aðgang að farsíma en salerni - og segir sína sögu um áherslurnar í álfunni. Aðeins 30% íbúanna höfðu

aðgang að salerni, 63% aðgang að vatnsbóli en 93% aðgang að farsímaþjónustu.

Fram kemur í grein IPS að ríkisstjórnir þurfi að fjárfesta í vatnsverkefnum til að tryggja öllum aðgangi að hreinu neysluvatni en 800 milljónir jarðarbúa búa við þau skertu lífsgæði að þurfa að neyta mengaðs vatns en afleiðingarnar sjást í þeirri óhugnanlega háu tölu að 3,5 milljónir dauðsfalla má rekja árlega til vatnsborinna sjúkdóma.

World Water Council hefur bent á að vatn væri nauðsynlegur þáttur í allri félagslegri og efnahagslegri þróun á því sem næst öllum sviðum, meðal annars væri vatn forsenda matvælaframleiðslu og lykilþáttur í stöðugri orkuframleiðslu. Þá var bent á að engin fjárfesting væri ábatasamari, fyrir hverja krónu sem fjárfest væri í vatni kæmu rúmlega fjórar á móti í minnkandi kostnaði við heilbrigðisþjónustu.

*Grein eftir Gunnar Salvarsson, fyrst birt í Heimsljósi, vef tímariti utanríkisráðuneytisins um þróunar- og mannúðarmál, 29.3.2017. Í Heimsljósi er að finna fjöldan allan af fréttum og fræðigreinum um mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu.*

## margt smátt ... þakkar stuðninginn

Garðabæjar ehf  
Onno ehf  
Vélsmiðja Þorgeirs ehf.  
Vörukaup ehf, heildverslun  
Öryggisgirðingar ehf

### HAFNARFJÖRÐUR

Aflhlutir ehf  
Alexander Ólafsson ehf  
Allianz á Íslandi hf  
Barkasúða Guðmundar ehf  
Bilaverk ehf bilamálun og réttingar  
Byggingafélagið Sandfell ehf  
Bæjarbakari ehf  
Dverghamar ehf  
Einar í Bjarnabæ ehf  
EÓ-Tréverk sf  
Essei ehf

Fjörúkráin-Hótel Víking  
G.S. múrverk ehf  
H. Jacobsen  
Hafnarjarðarhöfn  
Harbourfront Guesthouse ehf  
Hvalur hf  
Ican-Beykireykt þorsklifur ehf  
Kjartan Guðjónsson, tannlæknir  
Krossborg ehf  
Lögafli - lögmannsstofa  
Netorka hf  
Pálmar Sigurðsson  
Rafgeymasalan ehf  
S.G múrverk ehf  
SJ Tréverk ehf  
Strendingur ehf  
Tannlæknastofa  
Harðar V Sigmarssonar sf

ThorShip  
Umbúðamiðlun ehf  
Úthafsskip ehf  
Verkalýðsfélagið Hlíf  
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði  
Víðir og Alda ehf  
VSB verkfræðistofa ehf  
www.barak.is

### ÁLFTANES

GO múrverk ehf

### REYKJANESBÆR

ÁÁ verktakar ehf,  
s: 421 6530 & 898 2210  
Ásberg fasteignasala ehf  
Bílar og Hjóla ehf  
Bókhalds og rekstrarþjónusta Gunnars  
Þórarinssonar  
DMM Lausnir ehf

IGS ehf Keflavíkurflugvelli  
Lyfta ehf  
M² Fasteignasala & Leigumiðlun  
Nesraf ehf  
Plastgerð Suðurnesja ehf  
Plexigler ehf  
Rörvirki sf  
SBK ehf  
Skólamatúr ehf  
Skólar ehf  
Toyota Reykjanesbæ  
Útfararþjónusta Suðurnesja  
Verkalýðs- og sjómannafélag  
Keflavíkur og nágrennis  
Verslunarmannafélag Suðurnesja  
Vísir, félag skipstjórnarmanna á  
Suðurnesjum

### GRINDAVÍK

EVH verktakar ehf  
Hópsnes ehf  
Veitingastofan Vör ehf  
Verkalýðsfélag Grindavíkur  
Vísir hf  
VOOT Beita  
Þorbjörn hf

### SANDGERÐI

Vélsmiðja Sandgerðis ehf

### GARDUR

Aukin Ökuréttindi ehf  
SI raflagnir ehf  
Sveitarfélagið Garður

### MOSFELLSBÆR

Álguggar JG ehf  
Dalsbú ehf



# Hjálparstarfið veitir mannúðar- aðstoð í Sómalíu vegna þurrka og uppskerubrests

Í Sómalíu eru um 363.000 börn alvarlega vannærð vegna langvarandi þurrka og uppskerubrests. Zakaria Ugas Mohamed er einn þeirra. Móðir hans Jija Abdulkadir Mohamed fékk aðstoð fyrir hann á heilsugæslustöð Alþjóðlegs hjálparstarfs kirkna í mars síðastliðnum. Mynd: Håvard Bjelland/Hjálparstarf kirkjunnar í Noregi

Í júníbyrjun sendi Hjálparstarf kirkjunnar 15,8 milljóna króna framlag til mannúðaraðstoðar í Sómalíu vegna þurrka og langvarandi ófriðar í landinu. Markmiðið er að tryggja 60.600 manns nægan aðgang að fæðu, vatni og hreinlætisaðstöðu. Utanríkið ráðuneytið veitti styrk til aðstoðarinnar en það er Hjálparstarf norsku kirkjunnar sem stýrir starfinu á vettvangi.

Veðurfyrirbrigðið El Nino hefur nú valdið mestu öfgum í veðurfari í Sómalíu í 50 ár. Stopul úrkoma síðan um mitt ár 2015 hefur leitt til vatnsskorts sem hefur valdið alvarlegum

uppskerubresti. Skepnur hafa fallið úr hor og fólkið hefur neyðst til að selja eigur sínar og taka lán til þess að lifa af. Langvarandi ófriður í landinu gerir ástandið enn verra þar sem hann hefur leitt til þess að fólk hefur þurft að flýja heimkynni sín. Nú er talið að um helmingur þjóðarinnar þurfi á mannúðaraðstoð að halda.

Hjálparstarf kirkjunnar í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð og Lútherska heimssambandið hafa skipulagt heildræna aðstoð í Puntland og Somalíland til loka febrúar 2018 og rennur framlag Hjálparstarfsins til hennar.





# Úganda komið að þolmörkum vegna flóttamannastraumsins

Ríkisstjórn Úganda og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) sendu fyrr á árinu út sameiginlegt ákall til alþjóðasamfélagsins um að bregðast skjótt við og styðja myndarlega við þær þúsundir flóttamanna frá Suður-Súdan sem koma daglega yfir landamærin til Úganda á flótta frá grimmdarverkum og matarskortum.

Í mars voru í Úganda rúmlega 800 þúsund flóttamenn frá Suður-Súdan. Flestir þeirra, 572 þúsund, komu inn í landið eftir að átök blossuðu upp að nýju í júlí í fyrra. Á fyrstu þremur mánuðum þessa árs komu 172 þúsund íbúar Suður-Súdan yfir til Úganda, að meðaltali 2,800 dag hvern í marsmánuði.

„Úganda heldur áfram að hafa landamærin opin,“ sagði Ruhakana Rugunda forsætisráðherra Úganda í fréttatilkygningu frá Flóttamannastofnun SP frá því í mars. „Hins vegar leiðir þessi mikli straumur flóttafólks til gríðarlegs álags á opinbera þjónustu og staðbundna innviði. Við höldum áfram að taka vel á móti nágrönnum okkar sem búa við neyð en við hvetjum alþjóðasamfélagið til að bregðast í skyndi við þessum aðstæðum sem stefna í það að verða óviðráðanlegar.“

Að mati Filippo Grandi framkvæmdastjóra UNHCR er komið að þolmörkum. Úganda geti eitt og sér ekki leyst mesta flóttamannavanda Afríku upp á eigin spýtur. „Með áhugaleysi alþjóðasamfélagsins á þjáningu Suður-Súdana er verið að

10

## margt smátt ... þakkar stuðninginn

Elmir-teppabjónusta ehf  
Garðagróður ehf  
Hlín Blómahús  
Hljómar ehf  
Ísfugl ehf  
Mosfellsbakari  
Múr og meira ehf  
Nonni litli ehf  
Reykjabúið ehf

### AKRANES

Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar  
Bílasala Akraness ehf - Bílás  
Bilver, bílaverkstæði ehf  
Brautin ehf  
Fasteignasalan Hákot  
Fasteignasalan Valfell, Kirkjubraut og  
Borgartúni Rvk.  
Gjafavörverslunin @Home

Hvalfjarðarsveit  
Tannlæknastofan 2 Gómar ehf

### BORGARNES

Eyja- og Miklaholtshreppur,  
Snæfellsnesi  
Háskólinn á Bifröst  
Kaupfélag Borgfirðinga  
Samtök sveitarfélaga í  
Vesturlandskjördæmi  
Solo hársnyrtistofa sf  
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið  
Borgarness sf

### REYKHOLT

Garðyrkjustöðin Varmalandi

### STYKKISHÓLMUR

Ásklif ehf  
Þórsnes ehf

### GRUNDARFJÖRÐUR

Suða ehf  
Þjónustustofan ehf

### ÓLAFSVÍK

Fiskverkunin Valafell  
Steinnun ehf

### HELLISSANDUR

Breiðavík ehf  
Skarðsvík ehf

### REYKHÓLAHREPPUR

Reykhólahreppur  
Þörungaverksmiðjan hf

### ÍSAFJÖRÐUR

Félag opinberra starfsmanna á  
Vestfjörðum  
GG málningarþjónusta ehf  
Hamraborg ehf

Harðfiskverkun Finnþoga, s: 456 3250

Jón og Gunna ehf  
Orkubú Vestfjarða ohf  
Samgöngufélagið-www.samgongur.is  
Verkstjórafélag Vestfjarða

### BOLUNGARVÍK

Bolungarvíkurkaupstaður  
Glaður ehf  
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf  
Verkalýðs- og sjómannafélag  
Bolungarvíkur

### PATREKSFJÖRÐUR

Eyfaraf ehf  
Fiskmarkaður Patreksfjarðar ehf  
Verslunin - bakarið Albína

### TÁLKNAFJÖRÐUR

Bókhaldstofan Tálknafriði

Gistiheimilið Bjarmalandi ehf  
T.V. Verk ehf

### STAÐUR

Kvenfélagið Iðunn

### HVAMMSTANGI

Veidifélag Arnavatnsheiðar og  
Tvíðægru

### BLÖNDUÓS

Blönduósþær  
Húnavatnshreppur  
Stéttarfélagið Samstaða

### SKAGASTRÖND

Marska ehf  
Rafmagnsverkstæðið Neistinn ehf  
Sjávarlíftækni- og BioPol ehf

### SAUÐÁRKRÖKUR

Aldan - stéttarfélag





Konur og börn flýja undan stríðandi fylkingum sem ráðast í síauknum mæli á almenning í Suður-Súdan. Flóttinn yfir landamærin til Norður-Úganda getur tekið allt að þrjár vikur og það er þreytt fólk sem stígur úr rútum sem flytja það í flóttamannabyggðirnar þar sem það fær strax vatn, mat og skjól.

bregðast hluta af bágstaddasta fólkinu í heiminum þegar það þarf sárlega á aðstoð okkar að halda,“ sagði Grandi í fréttatilkynningunni.

Íslensk stjórnvöld styðja flóttafólk frá Suður-Súdan með framlögum til Flóttamannastofnunar SP og beinum framlögum til íslenskra borgarasamtaka sem starfa í flóttamannasamfélögum í norðurhluta Úganda, Hjálparstarf kirkjunnar þar á meðal.

*Grein eftir Gunnar Salvarsson, fyrst birt í Heimsljósi, vefstímariti utanríkisráðuneytisins um þróunar- og manúðarmál, 29.3.2017. Í Heimsljósi er að finna fjöldan allan af fréttum og fræðigreinum um manúðaraðstoð og þróunarsamvinnu.*

# Tekur allt að þrjár vikur að komast á öruggan stað

Í Moyohéraði í Norður-Úganda samhefir Lútherska heimsambandið, LWF, aðstoð manúðarsamtaka við flóttafólk frá Suður-Súdan og hefur til þess umboð frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Flóttafólkið fær orkubita og vatn við komuna á móttökusvæði LWF. Því næst fer fólkið í sjúkraskýli þar sem læknir hlúir að þeim sem þurfa aðstoð. Eftir lækniásköndun sest fólkið hjá fulltrúa Lútherska heimssambandsins sem skráir það bráðabirgðaskráningu inn í landið. Rúta bíður svo fólksins og keyrir það í flóttamannabyggðir þar sem það fær heitan mat einu sinni á dag og hefur aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu. Fólkið fær efni til að reisa sér bráðabirgðaskýli um leið og það hefst handa við að reisa hefðbundin hús. Börnin taka þátt í skólastarfi og fólkið fær aðstoð við að aðlagast lífinu á nýjum stað í sátt og samlyndi við heimamenn. Þangað til uppskera fæst fær fólkið mánaðarlega skammta af hráefni til matargerðar.

Hjálparstarf kirkjunnar sendi um ellefu milljóna króna fjárframlag til þessarar brýnu manúðaraðstoðar LWF í október 2016 með góðum stuðningi frá utanríkisráðuneytinu. Í júní 2017 sendi Hjálparstarfið tæpar tvær milljónir króna til viðbótar en aðstoðin verður veitt áfram til loka október á þessu ári að minnsta kosti.



# Vatn, aukið fæðuöryggi og síðast en ekki síst valdefling kvenna í Eþíópíu

Áherslan í þróunarsamvinnuverkefninu í Sómalífylki í Eþíópíu er á hjálp til sjálfshjálpar við sárafátæka í afskekktum héruðum fylkisins en þar er vatn af mjög skorum skammti.

Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er í harðbýlu Sómalífylki í Austur-Eþíópíu. Á árinu 2016 náði verkefnið til tæplega 35.000 sjálfspurftarbænda en 47% þeirra sem taka þátt í því eru konur. Lútherska heimssambandið er framkvæmdaraðili á vettvangi en markmið verkefnisins númer eitt er að bæta aðgang að hreinu vatni og auka fæðuval og -öryggi fólksins. Markmið númer tvö er að efla völd og auka ákvörðunarrétt kvenna yfir efnahagslegu öryggi sínu en við trúum því að það sé samfélaginu öllu til heilla.



Sjálfspurftarbóndi í Sómalífylki í Eþíópíu plægir jarðskika sinn fyrir sáningu eftir langt þurrkatímabil. Tíðir þurrkar valda viðvarandi matarskort og vannæringu í fylkinu og um 1 milljón íbúanna er háð mataraðstoð að staðaldri. Búfjárrækt með kameldýr, kindur, geitur og nautgripi er undirstöðuáttvinnugrein en þar sem skilyrði eru til er einnig ræktað maís, hirsí, hveiti og bygg.

Árið 2016 voru þrjár vatnsþrær grafnar en úr þeim fá 2.640 manns og 4.500 skepnur vatn. Grafið var fyrir tveimur brúnum og gert við fjóra gamla brunna. Þannig var drykkjarvatn tryggt fyrir um 8.000 manns og 7.000 skepnur. Hundrað og sex konur fengu lán úr sjóði sem endurnýjast þegar konurnar greiða til baka en hver og ein fær sem svara um 22.000 krónum til að hefja atvinnurekstur. Þriggja daga vinnustofa var haldin fyrir 40 skoðanaleiðtoga um leiðir til að afnema skaðlegar venjur eins og limlestingar á kynfærum kvenna og að gefa stúlkur barnungar í

hjólaband. Hundrað og sextíu bændur tóku þátt í námskeiðum um bætтар ræktunarleiðir, þurrkþolnari korntegundir og hunangsræktun.

## margt smátt ... þakkar stuðninginn

Bókhaldsþjónusta KOM ehf  
Efnalaug og þvottahús  
Fjólmundur ehf  
Vinnuvélar Guðmundar og Skúla sf  
Vörumiðlun ehf

### SIGLUFJÖRÐUR

Fjallabyggð

### AKUREYRI

Almenna lögþjónustan ehf  
Amaro heildverslun  
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf  
Bilapartasalan Austurhlíð  
Blikkrás ehf  
Bústólpi ehf  
Bútur ehf  
Byggingarfélagið Hyrna ehf  
Fóðurverksmiðjan Laxá hf

Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf-www.rettarholl.is  
Gróðrarstöðin Sólskógar ehf  
Grófargill ehf  
Hagvís ehf  
Hlið hf  
Hnyfill ehf  
HSH verktakar ehf  
Höldur ehf, bilaleiga  
Jafnréttisstofa  
KG sendibilar ehf  
Ljósko ehf  
Múrið ehf  
Norðurorka hf  
Pípulagningaþjónusta Bjarna F Jónssonar ehf  
ProMat Akureyri ehf  
Rafeyri ehf

Raftákn ehf - Verkræðistofa  
Sjúkrahúsið á Akureyri  
Skjaldarvik ferðaþjónusta  
Skóhúsið - Bónusskór  
Stefna ehf  
Steypusögun Norðurlands ehf  
Timbra ehf,byggingarverktaki  
Trétak ehf  
Túnþökusalan Nesbræður ehf  
Veitingastaðurinn Krua Siam

**GRENVÍK**  
Grýtabakkahreppur  
Pharmacitica ehf

**GRÍMSEY**  
Sigurbjörn ehf

**DALVÍK**  
EB ehf

Gistihúsið Skeið-www.thule-tours.com  
Vélvirki ehf, verkstæði

### HÚSAVÍK

Framsýn, stéttarfélag  
Heimabakari Húsavík  
Steinsteypir ehf  
Vikurraf ehf  
Fosshóll  
Fosshóll ehf

### LAUGAR

Gistiheimilið Stóru-Laugar, s: 464 2990

### MÝVATN

Dimmuborgir Guesthouse  
Mývatn Tours  
Vogar, ferðaþjónusta

### VOPNAFJÖRÐUR

Ferðaþjónustan Syðri-Vík  
Símbær ehf

### EGILSSTADIR

Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf  
Fijótsdalshérad  
Gistihúsið - Lake Hotel Egilsstadir  
Héraðsprent ehf  
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf  
Kúpp ehf  
Rafey ehf  
Skrifstofuþjónusta Austurlands ehf

### REYÐARFJÖRÐUR

Krana- og grófuleiga Borgþórs ehf  
Launaf ehf  
Tærgesen, veitinga- og gistihús



# Skóli, heimavist og heilsugæsla fyrir 277 börn sem búa við sára fátækt á Indlandi


Hjálparstarfið og Fósturforeldrar styðja nú 277 sárafátæk börn og unglinga til náms á Indlandi. Dagskólabörn sækja skóla og fá mat en börnin sem eru á heimavist fá fæði, klæði, menntun og heilsugæslu.

Hjálparstarf kirkjunnar og Fósturforeldrar sem taka þátt í starfinu með mánaðarlegu fjárframlagi hafa stutt börn dalíta, hinna stéttlausu samkvæmt stéttakerfi Indlands, til náms ásamt því að greiða fyrir heimavist og heilsugæslu frá árinu 1988. Það er United Christian Church of India, UCCI, eða Sameinaða indverska kirkjan, sem heldur starfinu úti en frá því samstarf hófst við UCCI hafa Íslendingar lagt fram fé til að byggja skólhúsnæði og heimavist og einnig 40 rúma sjúkrahús sem vígt var 1991.

Nú styrkja Hjálparstarfið og Fósturforeldrar 277 börn og ungmenni til náms og heimavistar í Andhra Pradesh fylki í suðvesturhluta Indlands. Þau sem eru á heimavist fá fæði, klæði og húsnæði auk lækniþjónustu ef á þarf að halda. Börnin stunda

almennt nám samkvæmt námsskrá enda skólarnir viðurkenndir af yfirvöldum. Þeir eru reknir á kristilegum grunni og kristinfræði því hluti af náminu. Fjöldi barna er af annarri trú og engin skilyrði að börnin gerist kristin. Sum barnanna sækja skólann og njóta matar og heilsugæslu en fara heim að kvöldi.

Stjórnendur skólanna hjá UCCI hafa lagt mikla áherslu á að fræða foreldra um gildi menntunar. Árangurinn er sá að foreldrar eru fúsari til þess að leyfa börnum sínum að halda áfram í skóla og ljúka iðnnámi eða öðru framhaldsnámi. Körfugerð, saumar, smíði, rafíðn og jarðrækt eru dæmi um námsgreinar í iðnnámi. Einnig eru kenndar viðgerðir á heimilistækjum, vélvirkjun, nám til ökuréttinda og kennt á tölvur. Iðnskólinn hefur eflst stöðugt á síðustu árum.





Breytendur er hópur ungs fólks sem vill hafa áhrif til góðs með jákvæðum aðgerðum. Slagorð hreyfingarinnar er «Enginn getur hjálpað öllum en allir geta hjálpað einhverjum».

# Vilt þú vera Breytönd?

Ert þú unglingurinn sem langar að láta rödd sína heyrast, hafa áhrif til góðs og fá útrás fyrir orku og sköpunarkraft sinn? Eða ertu kannski fullorðinn en þekkir unglingsmenn sem langar í skemmtilegt og gefandi félagsstarf?

Við sem búum á Íslandi nú lifum á góðum stað á góðum tímum. Menntun, matur, húsaskjól og friður er svo sjálfsagt fyrir okkur að dags daglega gleymum við því kannski að mannréttindi eru ekki sjálfögð, alla vega ekki fyrir alla, alls staðar.

Allt of víða er grunnþáttum tilverunnar ógnað vegna átaka eða náttúruhamfara og mannréttindi eru jafnvel bara fjarlægur draumur. Í samfélögum þar sem auðlindir eru af skornum skammti, þar sem ekki er til fjármagn eða stjórnkerfi til að nýta þær eða jafnvel þar sem þær hafa verið ofnýttar getur verið erfitt að lifa af.

Ástæður fyrir sárri fátækt og óréttlæti eru margvíslegar. Það er auðvelt að hugsa að það sé ekkert sem við getum gert í því hér og nú. Stundum er það svo en ekki alltaf. Oft er það nefnilega þannig að það er eitthvað sem við getum gert. Kannski ekki ein

og sér en með öðrum sem hafa hjartað og hugann líka á réttum stað.

Breytendur er hópur unglinga sem beitir sér fyrir umbótum í umhverfis- og mannréttindamállum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. «Enginn getur hjálpað öllum en allir geta hjálpað einhverjum» er slagorð sem er ofarlega í huga Breytenda.

Í haust hefst spennandi ferðalag hjá okkur þar sem áfangastaðurinn er betri heimur. Á leið okkar þangað munum við velja okkur viðfangsefni, eitthvað sem við sjáum að megi betur fara í heiminum og gera okkar besta til þess að draga úr eða minnka það vandamál. Kannski komumst við ekki alla leið á einum vetri en hvert skref skiptir máli.

Ef þú hefur áhuga á að kynna þér starfið okkar eða þekkir einhvern sem vill koma með í ferðalagið hafðu þá samband við okkur í tölvupósti til [Breytendur@gmail.com](mailto:Breytendur@gmail.com), við viljum fá þig í hópinn!

*Fyrir hönd Breytenda, Guðjón Andri Reynisson, ritari*

## margt smátt ... þakkar stuðninginn

### ESKIFJÖRÐUR

Eskja hf  
H.S. Lækning ehf

### NESKAUPSTAÐUR

Verkmenntaskóli Austurlands

### FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR

Vöggur ehf

### STÖÐVARFJÖRÐUR

Brekkan - Verslun og veitingastofa

### DJÚPAVOGUR

Hótel Framtíð ehf

### HÖFN Í HORNAFIRDI

AJTEL ICELAND ehf  
Eystrahorn  
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellsýslu  
Sveitafélagið Hornafjörður

### Uggi SF-47

Pingvað ehf, byggingaverktakar  
Prastarhóll ehf

### SELFOSS

Bífreiðaverkstæðið Klettur ehf  
Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi  
Gesthús Selfossi, gistihús og tjaldsvæði  
Gróðrarstöðin Ártangi ehf  
Guðnabakarí ehf  
Hótel Gullfoss  
Jötunn vélar ehf  
K.P Verktakar ehf  
Kvenfélag Grímsneshrepps  
Lindin, verslun  
Málningarþjónustan ehf  
Máttur sjúkrahjálfun ehf

### Mjöltnir, vörubílstjórafélag

Rafmagnsverkstæði Jens og Róberts ehf  
Reykhóll ehf  
Snyrtistofan Eva ehf  
Súperbygg ehf  
Svavar Sveinsson  
Tannlæknaþjónustan.is

### HVERAGERDI

Fjóla garðyrkjustöð  
Raftaug ehf

### ÖLFUS

Eldhestar ehf

### STOKKSEYRI

Kvenfélag Stokkseyrar

### LAUGARVATN

Héraðsskólinn-www.heradsskolinn.is

### FLÚÐIR

Ásgerði II ehf  
Hrunamannahreppur  
Íslenskt grænmeti ehf

### HELLA

Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf  
Ljósá ehf

### VÍK

Hrafnatindur ehf  
Volcano Hotel

### KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Geirland ehf, hótél og veitingarekstur  
Hótel Laki ehf

### VESTMANNAEYJAR

Bergur-Huginn ehf  
Bílaverkstæði Sigurjóns  
Bragginn sf, bílaverkstæði  
Eyjablíkk ehf  
Grímur kokkur ehf  
Hárstofa Viktors  
Huginn ehf  
Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun  
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja  
Narfi ehf  
Rannsóknarþjónustan V.M.  
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf





„Þetta hefur veitt okkur þvillka gleði,“ og „það er bara svo gaman að geta látið gott af sér leiða,“ sögðu þær hressar konurnar í Lionsklúbbnum Engey í Reykjavík komu til Hjálparstarfsins í vor með yndislega heimaprjónuð heimferðarföt og teppi fyrir nýfædd börn foreldra sem hafa ekki þéttriðið tengslanet. Hjartans þakkir fyrir!

## Hjálparstarf kirkjunnar þakkar kærlega fyrir stuðninginn!

Hjálparstarfið nýtur ómetanlegs stuðnings Hjálparliða og Fósturforeldra barna á Indlandi sem styrkja starfið með föstu framlagi sem og þeirra sem svara kalli við sérstökum söfnunum okkar hvert sem eru um jól, páska eða á haustin þegar fermingarbörn ganga í hús með bauk frá okkur og safna fé til vatnsverkefna í Afríku. Fjöldmörg félagsamtök, fyrirtæki og opinberar stofnanir styrkja starfið myndarlega og fyrir það erum við innilega þakklát. Síðast en ekki síst þökkum við okkar kærú sjálfbóðaliðum sem koma hingað að Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, vikulega til þess að ganga frá notuðum fatnaði sem hingað berst frá hjartahlýju fólki og aðstoða þá sem hingað leita eftir fatnaði. Framlag þeirra er ómetanlegt.

### Á döfinni:

- Fataúthlutun fyrir hádegi á þriðjudögum hefst á ný eftir sumarfrí sjálfbóðaliða þann 22. ágúst.
- Félagsráðgjafar aðstoða efnaminni fjölskyldur vegna skólagöngu, íþrótt- og tómstundastarfs undir lok ágústmánaðar.
- Hjálparstarfið stendur fyrir umræðufundum um orsakir fátæktar og mögulegar aðgerðir til farsældar fyrir alla á Fundi fólksins á Akureyri 8. – 9. september.
- Aðalfundur Fulltrúaráðs Hjálparstarfs kirkjunnar verður í Grensáskirkju laugardaginn 23. september.
- Fermingarbörn ganga í hús um land allt og safna fyrir verkefnum Hjálparstarfsins í Afríku 6. – 10. nóvember.



# Sumargjöf

**Gefðu barni gleðilegt sumar!**



## **Hjóla, sippa, synda, tvista...**

Hjálparstarf kirkjunnar styður börn á Íslandi sem búa við kröpp kjör svo þau geti tekið þátt í tómstundum með vinum sínum. Með því að kaupa gjafabréfið Sumargjöf á [gjofsemgefur.is](http://gjofsemgefur.is) tekur þú þátt í því að gefa barni gleðilegt sumar.

***Gefðu gjöf sem gefur!***